



ÁRSSKÝRSLA 2002



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



**FOR FURTHER INFORMATION  
PLEASE CONTACT:**

**New business Venture Fund**

Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel.: 354 510 1800, Fax: 354 510 1809

[www.nsa.is](http://www.nsa.is)

[nsa@nsa.is](mailto:nsa@nsa.is)



## ÁRSSKÝRSLA 2002

### EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Nýsköpunarsjóður árið 2002 .....	5
Skipulag sjóðsins .....	6-7
Önnur starfsemi .....	8-9
Samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs .....	10-11
Lokaorð .....	12
Samþykkt verkefnafjármögnun árið 2002 .....	13
Ársreikningur 2002 .....	15
Áritun endurskoðenda .....	16
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	17
Reikningar með skýringum .....	19-34
Annual report 2002 .....	35
Increased need for venture capital in a difficult environment .....	51

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### AUKIN ÞÖRF FRAMTAKSFJÁRFESTINGA Í ERFIÐU UMHVERFI

Á fimm ára starfstíma Nýsköpunarsjóðs hafa orðið gríðarlegar breytingar í starfsumhverfi sjóðsins. Þegar Nýsköpunarsjóður hóf starfsemi sína var lítið framboð á innlendu fjármagni til áhættufjárfestinga. Frumkvæði sjóðsins markaði brautina og fljótlega bættust fleiri innlendir framtaksfjárfestar í hópinn. Mikil aukning varð samhliða á fjármagni til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Það felst jafnan umtalsverð áhætta í fjárfestingum í nýjum hugmyndum. Margir áhugaverðir kostir ganga einfaldlega ekki upp, en nokkrir ná góðu flugi og skila fjárfestum góðum hagnaði. Erfiðleikar upplýsinga- og hátækniyrirtækja víðsvegar um heim undanfarin 2-3 ár hafa aukið áhættuna enn frekar og komið mjög illa niður á fjárfestingasjóðum sem leggja áherslu á framtaks- og áhættufjárfestingar. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur ekki farið varhluta af þessum erfiðleikum frekar en aðrir áhættu- og framtakssjóðir.



Arnar Sigurmundsson  
stjórnarformaður

Á starfstíma sínum hefur stjórn sjóðsins samþykkt um 100 fjárfestingar í formi hlutafjár í fyrirtækjum. Auk þess hefur sjóðurinn veitt fjölmörg verkefnabundin áhættulán, en þau geta eftir atvikum, verið með breytirétti í hlutafé í viðkomandi fyrirtæki. Frá upphafi hefur aðkoma sjóðsins að verkefnafjármögnum verið gildur þáttur í starfseminni, þó mjög hafi dregið úr beinum styrkjum síðastliðin þrjú ár. Verkefnið „Auður í krafti kvenna“ sem lauk um síðustu áramót er dæmi um mjög metnaðarfullt verkefni Nýsköpunarsjóðs og nokkurra öflugra samstarfsaðila. Þá hefur Nýsköpunarsjóður í nokkrum tilvikum veitt íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum í útrásarverkefnum, brúarlán til þess að gera þeim mögulegt að brúa bilið milli framleiðslu og sölu afurða sinna. Starfsemi Tryggingardeildar sjóðsins var endurskoðuð á síðasta ári, en það hefur sýnt sig að fullkomin ástæða var til að auka og efla þennan þátt í þjónustu sjóðsins. Tryggingardeild útflutnings er ætlað að veita ábyrgðir vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu.

Á síðustu misserum hefur verið mjög erfitt að ljúka fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja vegna skorts á áhættufjármagni. Margir innlendir fjárfestar eru illa brenndir og drógu sig að mestu út af markaðnum fyrir tveimur árum. Nýsköpunarsjóður taldi það skyldu sína að taka áfram virkan þátt í fjárfestingum þrátt fyrir takmarkað fjármagn. Á síðasta ári var hins vegar verulega dregið úr nýfjárfestingum sjóðsins. Megin áhersla hefur verið lögð á, að meta stöðu og möguleika þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í og koma að endurfjármögnun þeirra á grundvelli möguleika þeirra til framtíðar. Rekstrarerfiðleikar nýsköpunarfyrirtækja og skortur á nýju fjármagni hefur gert útgöngu fjárfesta mun erfiðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Við upphaf starfsemi Nýsköpunarsjóðs var reiknað með að sjóðurinn væri farinn að selja eignarhluti í verulegu mæli innan fimm ára. Þrátt fyrir þessa staðreynd nú um stundir, verður útganga og sala á eignarhlutum sjóðsins eitt af megin verkefnum sjóðsins á þessu og næsta ári.

Á fimm ára starfstíma Nýsköpunarsjóðs varð góð rekstrarafkoma fyrstu tvö árin, en seinni þrjú árin kom mikið bakslag í rekstur sjóðsins eins og hjá öðrum framtaksfjárfestum. Eigið fé á samstæðureikningi Nýsköpunarsjóðs sem var í upphafi 4.821 millj. kr. var um síðustu áramót 3.654 millj. kr. Tekið skal fram að allar fjárfestingar sjóðsins í nýsköpunarfyrirtækjum eru færðar á kaupverði. Þá voru einnig til staðar 1.105 millj. kr. til þess að mæta þeirri áhættu sem felst í fjárfestingum og útlánum sjóðsins sem voru samtals 3.323 millj. kr. í árslok 2002.

Nýsköpunarsjóður tók á móti 318 erindum á síðasta ári. Frá upphafi, og fram í miðjan apríl á þessu ári er fjöldi erinda kominn í 1890. Erfiðleikar upplýsinga- og hátækniyrirtækja og skortur á fjármagni hefur þó ekki dregið úr áhuga á framtaksfjárfestingum hér á landi. Nú stefnir í metfjölda í Nýsköpun 2003, sem er samkeppni um gerð viðskiptaáætlana. Íslendingar eru framsæknir og óhræddir við að vera í fararbroddi. Opnun vetnisstöðvar Íslenskrar NýOrku ehf., þeirrar fyrstu í heiminum sem reist er við almenna bensinstöð, er gott dæmi um þann kraft og áræði sem einkennir íslenskt samfélag. Fyrir Nýsköpunarsjóð var þetta stór dagur, en sjóðurinn var í forystu frumkvöðla við stofnun félagsins fyrir fjórum árum og hýsti um tíma starfsemi þess og hefur tekið mjög virkan þátt í uppbyggingu þess frá upphafi.

Reykjavík 25. apríl 2003

Arnar Sigurmundsson stjórnarformaður



## NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ÁRIÐ 2002

Á þeim fimm árum sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur starfað hefur sjóðurinn keypt hlutfé í rúmlega 100 fyrirtækjum, að fjárhæð rúmum 3,2 milljarðar króna. Að auki hefur sjóðurinn veitt áhættulán til vöruþróunar og markaðsaðgerða og brúarlán að upphæð 1,4 milljarðar króna. Þá hefur sjóðurinn veitt um 192 milljónum króna til verkefnafjármögnunar, s.s. Auður í krafti kvenna og Nýsköpun-námskeið um gerð viðskiptaáætlana, og samninga við Útflutningsráð, Impru og fleiri aðila. Það er því ljóst að Nýsköpunarsjóður hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að sinna því hlutverki sínu að efla nýsköpun á Íslandi og að vera:

- Drifkraftur frumkvöðlastarfsemi á Íslandi
- Öflugur stuðningsaðili frumkvöðla og fyrirtækja á fyrstu stigum
- Virkur áhættufjárfestir í arðvænlegum viðskiptahugmyndum
- Eftirsóttur samstarfsaðili hagsmunaaðila í atvinnulífi
- Virkur þátttakandi í þróun og alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja




Gunnar Örn Gunnarsson  
framkvæmdastjóri

Nýsköpunarsjóður er skilgreindur sem þolinmóður áhættufjárfestingasjóður. Í upphafi þótti því ekki óeðlilegt að það tæki sjóðinn allt að 5-7 ár að losa sig út úr sumum fjárfestingum sínum og þá sérstaklega í ljósi þess að hann er oftast að fjárfesta í viðskiptahugmyndum á frumstigum þeirra. Ljóst er nú að það mun taka lengri tíma að komast út úr þeim fjárfestingum sem farið hefur verið í. Staða sjóðsins er því þannig að lítið svigrúm er til nýfjárfestinga, lánveitinga né verkefnafjármögnunar og endurspeglast hún í þeirri nýsköpunaráætlun sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt fyrir rekstrarárið 2003.

Árið 2002 var, eins og öll hin fjögur árin þar á undan, mjög erilsamt hjá sjóðnum. Á árinu 2002 bárust sjóðnum 318 formleg erindi sem skiptust þannig:


▪ Fjárfestingar í formi hlutafjár og brúarlána	103
▪ Áhættulán	137
▪ Verkefnafjármögnun	39
▪ Vöruþróunar- og markaðsdeild	13
▪ Tryggingardeild útflutnings	10
▪ Ábyrgðir	16



**Af innkomnum erindum samþykkti sjóðsstjórnin samtals 86 og var skiptingin, m.v. sömu flokkun og hér að ofan, eftirfarandi:**

▪ Fjárfestingar í formi hlutafjár og brúarlána	29
▪ Áhættulán	30
▪ Verkefnafjármögnun	8
▪ Vöruþróunar- og markaðsdeild	7
▪ Tryggingardeild útflutnings	5
▪ Ábyrgðir	7

SAMÞYKKT ERINDI 2002



Fjárfestingar í formi hlutafjár voru rúmlega 303 milljónir króna, en lánveitingar námu rúmum 53 milljónum. Samþykkt verkefnafjármögnun nam rúmum 82 milljónum króna og Vöruþróunar- og markaðsdeild ráðstafaði rúmum 8 milljónum til verkefnafjármögnunar á sviði vöruþróunar.

Afkoma ársins 2002 var neikvæð um rúmar 1.300 milljónir króna þegar tekið hefur verið tillit til verkefnafjármögnunar, styrkja og framlaga til að mæta afskriftaþörf sjóðsins vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og öðrum áhættuverkefnum. Á afskriftareikningi sjóðsins eru nú tæpar 1.100 milljónir króna. Framlag á afskriftareikning 2002 nam rúmum 375 milljónum króna. Í ársreikningi Nýsköpunarsjóðs eru allar fjárfestingar sjóðsins færðar á kaupverði.

Meginskýringin á afkomu sjóðsins er neikvæð þróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum og afskriftir á fjárfestingum, eins og á árinu 2001. Ljóst er að nú fer að reyna verulega á það hvaða fjárfestingar sjóðsins komi til með að vaxa og dafna og hvaða fjárfestingar munu ekki skila tilætluðum árangri.

## SKIPULAG SJÓÐSINS

Ekki hafa verið gerðar formlegar breytingar á starfsemi Nýsköpunarsjóðs undanfarin tvö ár. Starfseminni er sem fyrr skipt upp í þrjár meginæiningar sem hver um sig hefur ákveðnu hlutverki að gegna í daglegri starfsemi sjóðsins. Þessar einingar eru Þróunarsvið, Fjárfestingasvið og Ávöxtunarsvið.

### ÞRÓUNARSVIÐ

Þróunarsvið sjóðsins hefur það hlutverk að stunda markvissa leit að nýjum tækifærum og taka þátt í að þróa sprota að því stigi að geta talist áhugaverð og arðbær nýsköpunarverkefni. Auk þess fylgir sviðið áhugaverðum hugmyndum eftir, allt að því stigi að framkvæmd geti orðið að veruleika. Með þessu fóstrar sjóðurinn verkefni sem hafa framtíðarmöguleika en skortir nauðsynlegan undirbúning til að geta talist hæf til fjárfestingar. Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs er grasrótarsvið sjóðsins.

Þróunarsviðið skiptist í þrjár meginæiningar: Átaksverkefni, Sprotar og Frumkvöðlasetur.



## ÁTAKSVERKEFNI

Próunarsviðið stendur fyrir fjölda átaksverkefna til þess að örva nýsköpun og laða fram áhugaverðar viðskiptahugmyndir, en stærstur hluti þeirra er unninn á vegum annarra aðila í umboði sjóðsins. Fjallað er sérstaklega um þessi verkefni síðar í ársskýrslunni. Hugsunin að baki þessu fyrirkomulagi er að fá til liðs við sjóðinn aðila úr íslensku viðskiptaumhverfi og hinu almenna stoðkerfi fyrirtækja og frumkvöðla sem hafa sértæka þekkingu sem nýtist í verkefnum. Að mati sjóðsins ætti þetta að tryggja að árangur verkefnanna verði sem bestur.

### Sprotar

Árlega berast sjóðnum fjölmargar nýjar viðskiptahugmyndir. Sjóðurinn getur komið að slíkum hugmyndum með þrennum hætti, þ.e. með hlutfjárframlagi, áhættuláni eða áhættuláni með breytirétti í hlutfé.

Nýsköpunarsjóður getur verið með í undirbúningi að stofnun fyrirtækis, falli viðskiptaáætlun frumkvöðulsins að áherslum sjóðsins og ef hugmyndin er áhugaverður fjárfestingakostur fyrir sjóðinn. Í þeim tilfellum sem sjóðurinn tekur þátt með því að leggja fram nýtt hlutfé í fyrirtæki er það yfirleitt krafa af hálfu sjóðsins að starfsmaður hans sitji í stjórn fyrirtækisins. Áður en til fjárfestingar kemur er gert hluthafasamkomulag milli sjóðsins og annarra sem koma að fyrirtækinu, í því skyni að tryggja eftir fremsta megni að tilætlaður árangur viðskiptaáætlunarinnar náist og innleiða markviss vinnubrögð hjá fyrirtækinu.

Sjóðurinn getur veitt fyrirtækjum áhættulán til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Í þeim tilvikum sem veitt eru lán til markaðsaðgerða er fyrst og fremst horft til fyrirtækja sem eru að hasla sér völl á erlendum vettvangi. Áhættulánin geta verið með breytirétti, þ.e.a.s. hafi Nýsköpunarsjóður áhuga á að eignast hlut í fyrirtækinu þegar fram í sækir getur hann breytt láninu í hlutfé í samræmi við ákvæði þess lánsááætlunarinnar sem gerður er áður en til útborgunar lánsins kemur.

### Frumkvöðlasetur

Á árinu 2002 var unnið að undirbúningi stofnunar Frumkvöðlaseturs á Austurlandi í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð, Byggðastofnun, lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, fyrirtæki á svæðinu og fleiri aðila. Hið nýja setur verður til húsa í Nýheimum á Hornafirði og er gert ráð fyrir að það taki formlega til starfa í maí 2003. Próunarsvið sjóðsins tekur einnig þátt í Frumkvöðlasetri Norðurlands, í samvinnu við lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, lðntæknistofnun, Háskólann á Akureyri, Tækifæri hf. og Fjárfestingafélagið Urðir ehf. Setrið er með aðsetur á Akureyri, Dalvík og Húsavík.

## FJÁRFESTINGASVIÐ

Fjárfestingasvið tekur þátt í fyrirtækjum með því að leggja fram hlutfé. Til greina koma nýstofnuð jafnt sem starfandi fyrirtæki. Stærð fyrirtækja skiptir ekki máli, fyrst og fremst er lítið til nýsköpunargildis, vaxtarmöguleika og arðsemisvæntinga. Auk fjárhagslegrar þátttöku í uppbyggingu fyrirtækja er þess einnig vænst að sjóðurinn geti orðið fyrirtækjum að liði með þekkingu og reynslu. Fjárfestingasvið hefur umsjón með þeim fyrirtækjum sem Nýsköpunarsjóður hefur fjárfest í, oftast með stjórnarsetu. Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki sem Próunarsvið tekur þátt í, flytjist til Fjárfestingasviðs þegar þau hafa náð ákveðinni stærð og styrk.

## ÁVÖXTUNARSVIÐ

Ávöxtunarsvið ber ábyrgð á samningum við fjárvörsluaðila um ávöxtun á sjóðum Nýsköpunarsjóðs sem ekki eru bundnir í fjárfestingum, lánnum eða með öðrum hætti. Einu sinni á ári eru lagðar fyrir stjórn tillögur um fjárfestingastefnu fjárvörsluaðila og hvernig skuli staðið að vali á fjárvörsluaðilum. Jafnframt sér Ávöxtunarsviðið um sölu á hlutabréfum í eigu Nýsköpunarsjóðs eftir ákvörðun stjórnar á hverjum tíma.



## ÖNNUR STARFSEMI

### VÖRUÞRÓUNAR- OG MARKAÐSDEILD

Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð frá 1997 með breytingum frá 1999 ber sjóðnum að starfrækja Vöruþróunar- og markaðsdeild. Henni er ætlað það hlutverk að veita styrki til vöruþróunarverkefna og markaðsaðgerða á vegum fyrirtækja og auka þannig samkeppnishæfni þeirra. Samkvæmt starfsreglum deildarinnar getur framlag til einstakra verkefna numið allt að 2 milljónum króna, þó aldrei meira en 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

### TRYGGINGARDEILD ÚTFLUTNINGS

Tryggingardeild útflutnings (TRÚ) veitir ábyrgðir vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu. Einnig veitir TRÚ ábyrgðir vegna þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis. TRÚ hefur heimild til að veita ábyrgðir vegna þátttöku í verklegum framkvæmdum innanlands ef umfang verksins fer yfir 396 milljónir króna. TRÚ hefur einnig heimild til að veita ábyrgðir til íslenskra fjárfestinga erlendis.

Í apríl 2002 var skrifað undir samstarfssamning um eflingu TRÚ. Samstarfsaðilar eru: Iðnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs og Nýsköpunarsjóður. Markmiðið með samstarfssamningnum er að endurskoða ábyrgðir þær sem deildin hefur í boði, koma á samstarfi við erlenda systurstofnun og kynna starfsemi deildarinnar fyrir útflytjendum, bönkum og öðrum þeim aðilum sem koma að útflutningi. Á miðju ári var ráðinn starfsmaður til að sinna málefnum TRÚ, samkvæmt ákvæði í samstarfssamningnum. Verkefni starfsmannsins er að vinna að fyrrgreindum markmiðum samstarfssamningsins, þ.e. að efla starfsemi deildarinnar íslenskum útflytjendum til hagsbóta.

Skrifað hefur verið undir samstarfssamning við Exportkreditnämnden (EKN) í Svíþjóð. EKN veitir ábyrgðir með svipuðum hætti og TRÚ gerir. Samstarfið við EKN mun einkum snúa að áhættumati á þeim umsóknum sem berast til TRÚ.

Í nóvember var lagt fram á Alþingi nýtt frumvarp til laga um starfsemi Tryggingardeildarinnar. Við undirbúning frumvarpsins var haft að leiðarljósi að lagaramminn gerði TRÚ mögulegt að veita íslenskum útflytjendum sambærilega þjónustu og samkeppnisaðilum þeirra þjóðast frá tryggingardeildum í sínu heimalandi.

Á árinu 2002 bárust TRÚ sex erindi. Þrjár ábyrgðir voru samþykktar og ein ábyrgð var gefin út á árinu. Heildarfjárhæð virkra ábyrgða og þeirra sem samþykktar höfðu verið um áramót en ekki gefnar út var um 1,1 milljarður króna.

### ÁBYRGÐIR

Á árinu var kynnt ný þjónusta hjá Nýsköpunarsjóði sem heitir Ábyrgðir. Þjónustan er miðuð að því að aðstoða nýstofnuð fyrirtæki og fyrirtæki í örum vexti. Slík fyrirtæki eiga oft í erfiðleikum með að mæta sívaxandi rekstrarfjárförf þar sem þau eiga ekki varasjóði eða eignir til að setja að veði fyrir rekstrarlánnum.

Þjónustan felst til dæmis í því að veita viðskiptabanka umsækjanda ábyrgð á greiðslu tiltekins láns sem tekið er til að fjár-







magna framleiðslu á áður gerðum sölusamningi. Það er skilyrði fyrir öllum veittum ábyrgðum að fyrir liggi undirritaður sölusamningur sem Nýsköpunarsjóður getur krafist framsals á ef á ábyrgðina reynir.

Á árinu voru samþykktar 6 ábyrgðir og var heildarfjárhæð þeirra um 183,4 milljónir króna.

## FRAMTAKSSJÓÐUR

Framtakssjóður hefur nú verið starfræktur í rúm 3 ár og hefur frá upphafi fjárfest í 34 fyrirtækjum. Framtakssjóðnum er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Vörsluaðilar Framtakssjóðsins eru eftirfarandi:

- Fjárfestingafélag Austurlands hf. Rekstraraðili: Framtakssjóður Austurlands ehf. með sjóðsstjóra á Reyðarfirði í Fjarðabyggð.
- Landsbankinn - Framtak hf. Rekstraraðili: Landsbankinn - Framtakssjóður ehf. með sjóðsstjóra á Akureyri.
- Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf. Rekstraraðili: Fjárfestingafélag Suðurlands ehf. með sjóðsstjóra í Vestmannaeyjum.
- Framtakssamlag EFA. Rekstraraðili: EFA Framtak ehf. með sjóðsstjóra í Reykjavík.

## SAMSTARFSVERKEFNI NÝSKÖPUNARSJÓÐS

Á árinu 2002 kom Nýsköpunarsjóður að fjölmörgum verkefnum, ýmist sem samstarfsaðili eða einn og sér. Eftirfarandi yfirlit gefur glögga mynd af meginþorra þeirra verkefna sem sjóðurinn kom að á árinu 2002.

### Nýsköpunarsjóður og Impra - þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja

Í samningi sjóðsins og Impru voru fjögur verkefni: **Handleiðsla** Nýsköpunarsjóðs við frumkvöðla og uppfinningamenn, **Frumkvöðlastuðningur**, þar sem veittir eru styrkir til þróunarverkefna s.s. hagkvæmniathugana, viðskiptaáætlana og einkaleyfisumsókna auk annarra þátta er geta hjálpað frumkvöðlum og fyrirtækjum í sínum fyrstu skrefum, Snjallræði sem er hugmyndasamkeppni þar sem auglýst er eftir nýjum framleiðsluhugmyndum, þær verðlaunaðar og þróaðar frekar og **Skrefi framfar**, sem er ráðgjafaverkefni ætlað ör- og sprotafyrirtækjum.

### Nýsköpunarsjóður og Útflutningsráð

Samstarf Nýsköpunarsjóðs og Útflutningsráðs tekur til tveggja formlegra verkefna sem ætluð eru fyrirtækjum sem hyggjast hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

Verkefnið **Útflutningsaukning og hagvöxtur** er námskeið um gerð stefnumótandi markaðsáætlana og er ætlað fyrirtækjum sem vilja vanda til undirbúnings á markaðssetningu erlendis. Verkefnið stendur yfir í 10 mánuði hverju sinni og hafa um 100 íslensk fyrirtæki tekið þátt í því frá upphafi.

Í verkefninu **Útflutningsráðgjafinn** fær fyrirtækið tímabundið til sín markaðsstjóra sem aðstoðar við undirbúning og framkvæmd markaðssetningar fyrirtækisins erlendis.

Auk ofantalinna verkefna styrkir Nýsköpunarsjóður þátttöku í sýningum erlendis þar sem European Seafood EXPO sýningin í Brussel er stærst. Þar að auki kom sjóðurinn að CeBit sýningunni og heilsutækni sýningunni Medica.

### Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Að þessu verkefni koma auk Nýsköpunarsjóðs, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Sjávarútvegsráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Markmið **Vettvangsins** er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að leiða saman fyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi, m.a. með framleiðslu á tækjabúnaði sem leiðir til aukins vinnsluvirðis í fiskvinnslu og útgerð.

### Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni

Hér er um að ræða samstarf Nýsköpunarsjóðs, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Heilbrigðistæknifélags Íslands, Rannís, Landspítalans Háskólasjúkrahúss og Samtaka iðnaðarins. Markmið **Vettvangsins** er að stuðla að aukinni þróun og útflutningi heilbrigðistæknilausna frá Íslandi og koma um leið til móts við þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir hagkvæmari og betri lausnir til að bæta lífsgæði og lífslíkur sjúklinga.





### **AUÐUR í krafti kvenna**

*Auður í krafti kvenna* var þriggja ára átaksverkefni sem lauk í árslok 2002. Markmið verkefnisins var að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Um var að ræða sex mismunandi verkefni. Námskeiðinu FrumkvöðlaAUÐUR var ætlað að veita konum hvatningu og stuðning til þess að auka hæfni sína og möguleika á að koma á fót fyrirtækjum sem gætu náð og viðhaldið örum vexti. Leiðtoga-AUÐUR var ætlað að gefa konum í leiðtogastöðum tækifæri til að efla hæfileika sína sem leiðtogar og styrkja tengslanet þeirra í milli. Dæturnar með í vinnuna er einn vinnudagur á ári tileinkaður dætrum Íslands. FjármálaAUÐUR var námskeið til að auka hagnýta þekkingu kvenna á fjármálum. FramtíðarAUÐUR var hugsað til að virkja framtíðarafli kvenna og var þar um að ræða leiðtogabúðir fyrir stúlkur á aldrinum 13-16 ára. Að lokum voru árlega veitt AUÐARverðlaun þar sem frumkvöðlakonum voru veittar viðurkenningar. Öll verkefni voru mjög vel sótt á lokaári verkefnisins. Að verkefninu stóðu auk Nýsköpunarsjóðs, Háskólinn í Reykjavík, Íslandsbanki, Morgunblaðið og Deloitte&Touche og voru allir aðstandendur ánægðir með heildarárangur verkefnisins.

### **Nýsköpun 2003**

Engin samkeppni um gerð viðskiptaáætlana var haldin á árinu 2002. Hins vegar hófst undirbúningur að samkeppni á árinu 2003, að hluta til í samstarfi við nýja aðstandendur og samstarfsaðila, og verður sérstaklega til hennar vandað.

### **Viðskiptaþróun**

Markmið Viðskiptaþróunar er að efla starfsemi og markaðssókn íslenskra fyrirtækja og fjárfesta í þróunarlöndum með sérstaka áherslu á þau ríki sem Ísland veitir þróunaraðstoð. Verkefnið er samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Utanríkisráðuneytisins.

Á síðasta ári voru haldnir kynningarfundur um starfsemi erlendra sjóða og stofnana s.s. IBRD, IFC, MIGA, EBRD, NDF, NOPEF og NEFCO.

Þá voru haldin tvö námskeið um þátttöku íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum útboðum, hið fyrra með áherslu á Alþjóðabankann og hið síðara um íslenska ráðgjafasjóðinn við Alþjóðabankann.

## LOKAORÐ

Á undanförunum tveimur árum hefur Nýsköpunarsjóður verið einn öflugasti áhættufjárfestingasjóðurinn á Íslandi á frumstigum fjárfestinga. Nýsköpunarsjóður og Framtakssjóðirnir sem starfandi eru á landsbyggðinni á grundvelli hans eru meðal fárra aðila sem undanfarin ár hafa verið að fjárfesta í viðskiptahugmyndum á frumstigum þeirra. Nú er svo komið að Nýsköpunarsjóður hefur ekki burði til að halda áfram á sömu braut. Á síðasta ári var dregið úr fjárfestingum sjóðsins og áætlanir fyrir þetta ár gera ráð fyrir enn frekari samdrætti. Í raun hefur stjórn sjóðsins markað þá stefnu að leggja ekki í nýfjárfestingar fyrr en tekist hefur að afla meira fjármagns í sjóðinn, með sölu eigna eða öðrum hætti. Ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs á árinu 2003 verður því ekki varið í nýjar fjárfestingar, heldur þær fjárfestingar sem sjóðurinn er þegar þátttakandi í og hefur fulla trú á.

Ljóst er að þessi staða Nýsköpunarsjóðs veldur mörgum aðilum, bæði frumkvöðlum og fjárfestum, vonbrigðum, því ekki hefur dregið úr eftirspurn eftir þátttöku sjóðsins í áhugaverðum verkefnum. Nýsköpunarundiraldan er mikil í samfélaginu og kemur víða fram. Í Nýsköpun 2003, samkeppni um gerð viðskiptaáætlana sem nú er í fullum gangi, hafa aldrei verið eins margir þátttakendur og nú. Í ár eru um 1200 aðilar skráðir til leiks en voru um helmingi færri á árum áður. Samkvæmt GEM skýrslu sem Háskólinn í Reykjavík vinnur að ásamt fleirum, er reynt að bera saman frumkvöðlastarfsemi milli landa. Þar kemur fram að Ísland er í efsta sæti Evrópuþjóða hvað varðar frumkvöðlastarfsemi. Allt bendir því til þess að jarðvegur fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sé til staðar hér á landi og að mikil þörf sé á áhættufjármagni til að koma áhugaverðustu hugmyndunum í framkvæmd.

Þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi verið rekinn með miklum halla á árinu 2002 er engin ástæða til að örvænta. Almennt er talið að ein af hverjum 10 fjárfestingum í sprotafyrirtækjum muni skila þeim arði sem til er ætlast. Hin fyrirtækin verða annað hvort gjaldþrota eða skila litlum sem engum arði. Fyrirtæki sem fara í gjaldþrot gera það mun fyrr en þau sem komast á það stig að verða arðbær og þar með söluhæf. Jafnframt er það alkunna að það tekur sprotafyrirtæki a.m.k. 5-10 ár að sanna sig og verða söluhæf á markaði. Nýsköpunarsjóður hefur nú starfað í fimm ár og fyrirtækin sem fjárfest hefur verið í eru kannski að meðaltali 2-3 ára gömul. Því má sjá að það er fyrst nú sem vænta má að sjóðurinn geti farið að koma fjárfestingum á sölustig og fá þar með fjármagn til baka inn í sjóðinn. Því er eðlilegt að sjóðurinn sé rekinn með halla á þessu stigi. Eitt meginverkefni starfsmanna sjóðsins á næstu árum verður því að vinna að sölu á einstökum fyrirtækjum sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Framtíðin ein mun skera úr um það hvort sjóðurinn muni reynast nógu arðbær til að geta staðið undir væntingum til framtíðar og verða áfram það nýsköpunarafl sem hann hefur verið hingað til. Það er hins vegar trú starfsmanna að mörg fyrirtæki í eigu sjóðsins séu mjög vænleg til árangurs og muni skapa mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag, og sjóðinn, um ókomna tíð.

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri



## SAMÞYKKT VERKEFNAFJÁRMÖGNUN ÁRIÐ 2002

### Vöruþróunar- og markaðsdeild

Samtök iðnaðarins, Construct North 2002 .....	375.000
Radiomiðun ehf. ....	2.000.000
Malarvinnslan hf. ....	2.000.000
Hugur hf. ....	400.000
Skaginn hf. ....	2.000.000
Rannsóknarráð Íslands .....	200.000
Tryggingardeild útflutnings .....	1.500.000
<b>Samtals:</b>	<b>8.475.000</b>

### Verkefnafjármögnun

Auður í krafti kvenna .....	20.000.000
Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar .....	10.000.000
Iðntæknistofnun .....	20.710.000
Tryggingardeild útflutnings .....	1.500.000
Nýsköpun 2003 .....	1.120.500
Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni .....	6.000.000
Útflutningsráð .....	18.595.000
Byggðasafn Vestfjarða .....	150.000
Félag kvenna í atvinnurekstri .....	80.000
Viðskiptastofa Utanríkisráðuneytis .....	3.000.000
Samtök iðnaðarins, Construct North 2002 .....	375.000
Rannsóknarráð Íslands, Evrópudagar .....	200.000
Samtök iðnaðarins, Nordic Baltic Conference .....	250.000
VUR, Global Summit of Woman .....	500.000
<b>Samtals:</b>	<b>82.480.500</b>







# ÁRSREIKNINGUR 2002

## ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 31. mars 2003

**Deloitte & Touche hf.**



Páll Steingrímsson

endurskoðandi



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi



## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni .

Reykjavík, 31. mars 2003

### Í stjórn

Arnar Sigurmundsson  
stjórnarformaður

Örn Jóhannsson

Guðrún Pétursdóttir

Halldór Björnsson

Hermann Hansson

### Framkvæmdastjóri

Gunnar Örn Gunnarsson





## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2002

	Skýr.	2002	2001
<b>Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld</b>	11		
Vörslutekjur .....		(603.630.635)	156.636.087
Póknunartekjur .....		7.703.450	6.593.256
Gengisbreyting verðbréfaeignar .....		(185.110.214)	(178.218.905)
Aðrar tekjur .....		4.667.148	0
Söluhagnaður fastafjármuna .....		8.418.035	0
Fjármagnsgjöld .....		(19.801.646)	(18.967.619)
		<u>(787.753.862)</u>	<u>(33.957.181)</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni .....		13.253.622	16.133.907
Laun og launatengd gjöld .....	12	81.512.447	69.244.655
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		57.315.337	54.256.629
Afskriftir .....	2,3	1.722.107	3.447.928
		<u>153.803.513</u>	<u>143.083.119</u>
Tap fyrir fjárfestingaverkefni .....		(941.557.375)	(177.040.300)
<b>Fjárfestingaverkefni</b>			
Tekjur vegna fjárfestinga í eignarhlutum .....		2.227.100	1.406.228
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum .....		85.928.808	80.543.842
Framlag í afskriftareikning .....	6	(375.382.030)	(599.190.417)
Veittir styrkir .....	14,17	(82.016.984)	(77.872.849)
		<u>(369.243.106)</u>	<u>(595.113.196)</u>
<b>Tap ársins</b> .....		<u>(1.310.800.481)</u>	<u>(772.153.496)</u>

## E F N A H A G S R E I K N I N G U R

### E I G N I R

	Skýr.	31.12.2002	31. 12. 2001
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	2,3		
Fasteignir .....		0	33.310.833
Húsgögn og innréttingar .....		2.848.775	1.850.371
Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld .....		1.989.175	327.898
		<u>4.837.950</u>	<u>35.489.102</u>
<b>Áhættufjármunir</b>			
Skuldabréfaeign .....		31.812.888	0
		<u>31.812.888</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingaverkefni:</b>	4,5		
Eignarhlutar .....	15	2.471.714.495	2.719.329.787
Eignir Framtakssjóða .....	9	592.923.459	713.528.437
Útlán með breytilegum skilmálum .....	16	695.126.168	522.244.201
Önnur útlán .....	9,16	91.933.831	203.515.245
Fullnustueignir .....		64.753.913	0
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna .....	6	(1.105.823.990)	(1.173.291.200)
		<u>2.810.627.876</u>	<u>2.985.326.470</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>2.847.278.714</u>	<u>3.020.815.572</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
<b>Skammtímakröfur</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....		10.715.168	10.697.550
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....		4.542.668	0
		<u>15.257.836</u>	<u>10.697.550</u>
<b>Verðbréf</b>	7		
Markaðshlutabréf .....		502.662.574	316.833.610
Önnur verðbréfaeign .....		3.990.804	5.868.399
		<u>506.653.378</u>	<u>322.702.009</u>
<b>Handbært fé</b>			
Vörslusjóðir .....	8	854.192.681	2.517.362.002
Bankainnstæður og sjóðir .....		175.587.717	35.083.216
		<u>1.029.780.398</u>	<u>2.552.445.218</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>1.551.691.612</u>	<u>2.885.844.777</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>4.398.970.326</u>	<u>5.906.660.349</u>





## 31. DESEMBER 2002

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.12.2002	31. 12. 2001
<b>Eigið fé</b>	10		
Stofnfé .....		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé .....		(1.167.788.913)	139.061.127
<b>Eigið fé</b>		<u>3.653.978.559</u>	<u>4.960.828.599</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Vörslufé frá ríkissjóði .....	9	592.923.459	713.528.437
<b>Skuldbindingar</b>		<u>592.923.459</u>	<u>713.528.437</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....		31.812.888	33.415.406
		<u>31.812.888</u>	<u>33.415.406</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldbindingar vegna verkefna .....	17,18	93.595.897	189.091.240
Næsta árs afborganir langtímalána .....		2.272.349	2.227.694
Aðrar skammtímaskuldir .....		22.013.173	7.568.973
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		2.374.001	0
		<u>120.255.420</u>	<u>198.887.907</u>
<b>Skuldir</b>		<u>152.068.308</u>	<u>232.303.313</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>4.398.970.326</u>	<u>5.906.660.349</u>

## SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2002

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2002	2001
Innborgaðar vörslutekjur .....		(599.217.316)	111.639.340
Innborgaðar aðrar tekjur .....		6.500.000	0
Greidd fjármagnsgjöld .....		(19.801.646)	(18.422.737)
Greiddur rekstrarkostnaður .....		(154.523.255)	(139.132.169)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum .....		79.623.674	81.454.425
Greiddir styrkir .....		(69.177.374)	(109.799.947)
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<b>(756.595.917)</b>	<b>(74.261.088)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir fastafjármunir .....		(4.440.515)	(476.213)
Keypt verðbréf .....		(258.000.906)	(439.311.990)
Keypt markaðshlutabréf .....		(185.469.589)	0
Keypt hlutabréf .....		(462.933.826)	(853.100.377)
Innleystar ábyrgðir .....		(8.545.699)	(24.222.631)
Seld hlutabréf .....		47.684.991	0
Seldir fastafjármunir .....		5.771.013	0
Fengnar afborganir skuldabréfa og verðbréfa .....		84.638.900	124.543.280
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>(781.295.631)</b>	<b>(1.192.567.931)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað frá Ríkisábyrgðasjóði .....		17.497.047	0
Greiddar afborganir langtímaskulda .....		(2.270.319)	(2.217.545)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>15.226.728</b>	<b>(2.217.545)</b>
<b>Lækkun handbærs fjár</b> .....		<b>(1.522.664.820)</b>	<b>(1.269.046.563)</b>
<b>Handbært fé 1.1.</b> .....		<b>2.552.445.218</b>	<b>3.821.491.781</b>
<b>Handbært fé 31.12</b> .....		<b>1.029.780.398</b>	<b>2.552.445.218</b>



## SKÝRINGAR

### STARFSEMIN

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í fjórar deildir, Stofnsjóð, Vöruþróunar- og markaðsdeild, Framtakssjóð og Tryggingardeild útflutnings. Nýsköpunarsjóður er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti.

#### *Stofnsjóður*

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

#### *Vöruþróunar og markaðsdeild*

Deildin veitir framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða og skal stuðla að aukinni samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem eru styrkhæf hjá deildinni.

#### *Framtakssjóður*

Framtakssjóði er ætlað að hafa með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun á einum milljarði króna sem Ríkissjóður greiddi til Nýsköpunarsjóðs af söluandvirði hlutafjár Ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Fénu skal varið til hlutafjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, einkum á sviði upplýsinga og hátækni.

#### *Tryggingardeild útflutnings*

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlandis.

### REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

2. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna.

Fasteign .....	2%
Húsgögn, innréttingar og skrifstofuáhöld .....	20%
Tölvubúnaður .....	33%

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi vísitölu í janúar 2003. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við síðasta skráða fundagengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2002. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Hlutabréf í og útlán til áhættufjárfestingaverkefna eru metin til eignar við kostnaðarverði. Til að mæta hugsanlegum töpum sem fylgja áhættufjárfestingu er verðmæti einstakraigna færð niður samkvæmt sérstöku mati.

Verðbréf í fjárvörslu eru færð við markaðsvirði á reikningsskiladegi.

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og innstæður í auðinnleysanlegum verðbréfum.

## VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Húsgögn og innréttingar	Tölvubúnaður	Fasteign	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	4.744.473	5.659.419	35.500.000	45.903.892
Afskrifað í ársbyrjun .....	(2.894.102)	(5.331.521)	(2.189.167)	(10.414.790)
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.850.371	327.898	33.310.833	35.489.102
Viðbætur ársins .....	2.152.471	2.288.044	0	4.440.515
Selt á árinu .....	0	(236.227)	(33.133.333)	(33.369.560)
Afskrift ársins .....	(1.154.067)	(390.540)	(177.500)	(1.722.107)
Bókfært verð í lok ársins .....	2.848.775	1.989.175	0	4.837.950

## FJÁRFESTINGAVERKEFNI

4. Breyting fjárfestingaverkefna á árinu greinist svo:

	31.12.2002	31.12.2001
Fjárfestingaverkefni í upphafi árs .....	2.985.326.470	2.547.337.532
Fjárfest í nýjum verkefnum .....	502.752.855	1.241.147.460
Seld fjárfestingaverkefni .....	(129.824.686)	0
Fengnar afborganir fjárfestingaverkefna .....	(81.327.779)	(120.044.455)
Verðbætur og gengismunur fjárfestingaverkefna .....	(20.838.120)	13.490.601
Breyting áfallina vaxta .....	50.526.144	39.445.263
Breyting afskriftarsjóðs .....	(375.382.030)	(599.190.417)
Nettó breyting á eignum framtakssjóða .....	(120.604.978)	(136.859.514)
	2.810.627.876	2.985.326.470

5. Fjárfestingaverkefni í lok ársins greinast á eftirfarandi hátt:

	31.12.2002	31.12.2001
Innlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi .....	1.802.860.332	1.922.989.415
Innlend fjárfesting í hlutabréfum erlendis .....	505.154.660	641.996.441
Erlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi .....	163.699.503	154.343.931
Innlend fjárfesting í skuldabréfum á Íslandi .....	787.059.999	725.759.446
Fullnustueignir .....	64.753.913	0
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna .....	(1.105.823.990)	(1.173.291.200)
Eigin fjárfestingaverkefni .....	2.217.704.417	2.271.798.033
Eignir framtakssjóða í áhættufjárfestingum .....	259.847.707	187.807.688
Eignir framtakssjóða í fjárvörslusamningum .....	333.075.752	525.720.749
Eignir framtakssjóða .....	592.923.459	713.528.437
	2.810.627.876	2.985.326.470



6. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

Breyting á afskriftareikningi greinist svo:

	31.12.2002	31.12.2001
Afskriftareikningur í upphafi árs .....	1.173.291.200	625.591.987
Framlag ársins í afskriftareikning .....	375.382.030	599.190.417
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni .....	(442.849.240)	(51.491.204)
Afskriftareikningur í lok ársins .....	<u>1.105.823.990</u>	<u>1.173.291.200</u>

## VERÐBRÉF

7. Verðbréfaeign Nýsköpunarsjóðs í lok ársins er færð á markaðsverði og greinist svo:

	Eignarhluti:	Nafnverð:	Markaðsverð:	
			31.12.2002	31.12.2001
<b>Markaðshlutabréf:</b>				
Próunarfélag Íslands hf. ....	5,41%	132.014.004	212.542.547	316.833.610
Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. ....	17,80%	207.228.591	290.120.027	0
			<u>502.662.574</u>	<u>316.833.610</u>
<b>Önnur verðbréf:</b>				
Skuldabréf á sveitarfélög .....		3.000.000	3.990.804	5.868.399
			<u>3.990.804</u>	<u>5.868.399</u>

## VÖRSLUSJÓÐIR

8. Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við nokkra aðila innanlands og utan. Fjárvarslan skiptist með eftirfarandi hætti milli fjárvörsluaðila:

	31.12.2002	31.12.2001
Innlendir fjárvörsluaðilar .....	69.238	569.451.845
Erlendir fjárvörsluaðilar .....	854.123.443	1.947.910.157
	<u>854.192.681</u>	<u>2.517.362.002</u>
Vörslusjóðir skiptast á eftirfarandi hátt milli erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna.		
Fjárvarsla í erlendri mynt .....	854.123.443	2.215.758.290
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	69.238	301.603.712
	<u>854.192.681</u>	<u>2.517.362.002</u>

## FRAMTAKSSJÓÐUR

9. Í samræmi við lög nr. 61 frá 1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins hefur ríkissjóður greitt í Framtakssjóð hluta af sölu- andvirði hlutafjár ríkisins í FBA hf.

Framtakssjóður hefur í samræmi við áðurnefnd lög boðið út vörslu fjárins og á grundvelli útboðsins var gengið til samninga við Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf., Fjárfestingafélag Austurlands hf., Landsbanka Íslands - Framtak hf. og Framtakssjóð EFA.

Meðal skulda í árshlutareikningi þessum er uppfærð skuldbinding við ríkissjóð vegna þessa í samræmi við ávöxtun útboðsaðilanna. Í áðurnefndum lögum er kveðið á um að útboðnar einingar skuli leystar upp 7-10 árum eftir útboð og renni andvirðið þá í ríkissjóð.

Staða fjárvörslu sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2002	31.12.2001
Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf. ....	142.086.669	149.808.487
Fjárfestingafélag Austurlands hf. ....	129.591.303	123.350.462
Landsbanki Íslands - Framtak hf. ....	152.106.552	192.906.497
Framtakssjóður EFA .....	169.138.935	247.462.991
	<u>592.923.459</u>	<u>713.528.437</u>

## EIGIÐ FÉ

10. Innborgað stofnfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er kr. 4.000.000.000 vegna Stofnsjóðs, kr. 828.868.164 vegna Vöruþróunar og markaðsdeildar og kr. 18.197.001 vegna Tryggingardeildar útflutnings. Í 19. gr. reglugerðar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að sjóðnum sé óheimilt að skerða stofnfé Nýsköpunarsjóðs. Að liðnum sjö fyrstu starfsárum sjóðsins skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert en framreiknuð fjárhæð eftir það. Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt.

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	4.821.767.472	139.061.130	4.960.828.602
Tap Tryggingardeildar útflutnings flutt á Ríkisábyrgðasjóð .....		3.950.438	3.950.438
Tap tímabilsins .....		(1.310.800.481)	(1.310.800.481)
	<u>4.821.767.472</u>	<u>(1.167.788.913)</u>	<u>3.653.978.559</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12.2002	31.12.2001
Stofnsjóður .....	3.348.840.629	4.393.101.065
Vöruþróunar- og markaðsdeild .....	256.514.592	492.847.074
Framtakssjóður .....	48.623.338	74.880.463
	<u>3.653.978.559</u>	<u>4.960.828.602</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um Tryggingardeild útflutnings, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma liðið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Eigið fé deildarinnar í upphafi árs var ekkert og tap tímabilsins nam 3.950.438 krónum. Tapið ásamt innleystum ábyrgðum á tímabilinu var fært sem krafa á Ríkisábyrgðasjóð auk vaxta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.





## VÖRSLUTEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

	2002	2001
<b>11. Vörslutekjur</b>		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.038.570	4.846.572
Vaxtatekjur af verðbréfum .....	2.477.297	1.591.878
Vaxtatekjur af útlánnum (ríkiskrafa) .....	1.270.826	0
(Lækkun)/hækkun virði eignarhluta í vörslusjóðum .....	(590.476.638)	134.860.654
Arður af hlutabréfaeign .....	0	14.224.509
Aðrar rekstrartekjur .....	(18.194.191)	267.474
Afföll og gengistap af skuldabréfum .....	253.501	845.000
	<u>(603.630.635)</u>	<u>156.636.087</u>
<b>Þóknunartekjur</b>		
Fengnar þóknanir af ábyrgðum .....	1.965.286	1.223.039
Aðrar þóknunartekjur .....	5.738.164	5.370.217
	<u>7.703.450</u>	<u>6.593.256</u>
<b>Gengisbreyting verðbréfaeignar</b>		
Lækkun á virði eignarhluta .....	(185.110.214)	(178.218.905)
<b>Aðrar tekjur</b>		
Styrkir .....	4.667.148	0
<b>Söluhagnaður fastafjármuna</b>		
Söluhagnaður fasteignar .....	8.418.035	0
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtagjöld af rekstrarfé .....	(170.235)	(488.134)
Vextir af skammtímaskuldum .....	(4.241.111)	(1.484.213)
Vextir af langtímaskuldum .....	(2.599.350)	(4.955.547)
Kostnaður við vörslu fjárs .....	(9.772.880)	(12.039.725)
Gengismunur gjaldmiðla .....	(3.018.071)	0
	<u>(19.801.647)</u>	<u>(18.967.619)</u>
Hreinar vörslutekjur til ráðstöfunar í rekstur og fjárfestingaverkefni .....	<u>(787.753.863)</u>	<u>(33.957.181)</u>

## STARFSMANNAMÁL

	2002	2001
<b>12. Laun og launatengd gjöld greinast þannig</b>		
Laun .....	62.253.737	54.639.455
Launatengd gjöld .....	19.258.710	14.605.200
	<u>81.512.447</u>	<u>69.244.655</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 11 í lok ársins 2002.

## SAMSTARFSVERKEFNI VEGNA TRYGGINGAÐEILDAR

13. Þann 12. apríl 2002 var undirritaður samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðs deildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, iðnaðarráðuneytisins og Tryggingardeildar útflutnings. Markmið samningsins, sem er til þriggja ára, er að efla starfsemi Tryggingardeildar og munu samstarfsaðilar leggja fram fé sem svarar til þess viðbótarkostnaðar sem af verkefninu leiðir.

Viðbótarkostnaður vegna verkefnisins á árinu 2002 sundurliðast á eftirfarandi hátt:	
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta .....	346.568
Ferðakostnaður .....	340.378
Ráðstefnugjöld .....	235.002
Laun og annar skrifstofukostnaður millifærður frá Stofnsjóði .....	3.745.200
	<hr/>
	4.667.148
Greitt af samstarfsaðilum .....	<hr/> (4.667.148)

## STYRKVEITINGAR

14. Styrkveitingar sjóðsins voru með eftirfarandi hætti á árinu:	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Samþykktir veittir Stofnsjóðsstyrkir .....	45.494.508	51.242.680
Samþykktir styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar .....	45.565.992	63.046.025
Niðurfelldir veittir styrkir .....	(9.043.516)	(36.415.856)
	<hr/>	<hr/>
	82.016.984	77.872.849

## YFIRLIT YFIR FJÁRFESTINGARVERKEFNI

15. Áhættuhlutabréf í eign sjóðsins greinast þannig:	<b>Eignahluti:</b>	<b>Fjárfesting:</b>
Adsoft ehf. ....	21,10%	22.500.000
AGR - Aðgerðagreining ehf. ....	10,10%	12.140.000
Almenna vörusalan ehf. ....	31,10%	17.000.000
Alur - álvinnsla ehf. ....	32,80%	8.577.000
Atferlisgreining ehf. ....	14,90%	13.000.000
Á Sporbaug ehf./ In Orbit Entertainment Inc. ....	19,00%	50.790.000
Álfasteinn ehf. ....	16,30%	2.800.000
Bergspá ehf. ....	13,70%	36.000.000
Bioprocess A/S .....	9,60%	111.699.502
Bláa Lónið baðstaður hf. ....	14,30%	88.048.475
Bláa Lónið heilsuvörur hf .....	6,70%	15.775.088
Bonus Ortho System Íslands hf. ....	10,70%	17.668.750
